

Alþingi

Erindi nr. 121 / 1167

komandið 2013 1997

19. mars 1997.

Sóknarnefnd Lundarbrekkukirkju gerir hér með athugasemdir við eftirfarandi atriði:

„Frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar“

39. gr.

Sóknarnefnd telur það ekki góða lausn að biskup geti ákvarðað veitingu prestakalls, ef það er sóknarnefnd á móti skapi, eða bindandi val ekki tekist um viðkomandi. Sóknarnefnd telur það ágætt að veita embætti í eitt ár, í fyrsta sinni, en hafnar því að prestar verði skipaðir í embætti ótímabundið eða æviráðnir þar eftir. 4 - 5 ár væru nærri lagi sem síðan framlengdist um annað tímabil ef hvorugur aðili óskaði eftir breytingum sóknarnefndin eða presturinn.

54. gr.

Að gefnu tilefni mótmælir sóknarnefndin þeirri málsgrein að sóknarprestur skuli alfarið ráða afnotum af kirkjunni, hvernig þeim skulu háttað. Þar segir þó að sóknarnefnd gæti réttinda kirkju, og því eðlilegt að þar ráði fleiri en presturinn einn.

Í sóknarnefnd Lundarbrekkukirkju.

Ríkarður Sölvason

Ríkarður Sölvason.

Til Allsherjarnefndar  
b/ Sólveig Pétursdóttir

Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v. Templarasund